

Skólaráðsfundur

Mætt: Haraldur Axel, Ragnheiður Garðarsdóttir, Garðar Frans, Margrét Eðvaldsd., Ingunn , Gróa Hjörleifsd. María Óladóttir var gestur á fundinum.

Ritari: Bryndís Jóna.

- Skóladagatal næsta skólaárs.
 - Haraldur segir frá uppsetningu þess, hvernig aðkoma starfsmanna var að því og að það hafi verið samþykkt meðal starfsmanna á starfsmannafundi 7. febrúar. Haraldur prófaði í fyrsta skiptið að gera myndband með útskýringum á uppsetningu skóladagatalsins og kallaði svo eftir umræðu starfsfólks í Teams - samskiptavettvangi í Office 365. Á starfsmannafundi var svo kosið um dagatalið rafrænt. Skólaráð gerir engar athugasemdir við dagatalið.
- Fjárhagsárið 2017
 - Haraldur útskýrir fjárhagsárið 2017. Hlutfall launa og rekstrar var 73% launakostnaður og 27% rekstrarkostnaður. Staðan góð. Stofnunin skilaði 2.5 milljón í afgang af fjárhagsáætlun.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.
 - Haraldur segir frá hækkun launakostnaðar og rekstrarkostnaðar frá síðasta ári.
 - Haraldur gerir ráð fyrir að laun og launatengd gjöld fari fram úr áætlun vegna líklegra launahækkana.
- Námsmat
 - Bryndís segir frá stöðunni á innleiðingu nýs námsmats í 1. - 7. bekk. Mikil og góð vinna verið unnin en verkefnið verður í þróun næstu árin.
- Lestur í Heiðarskóla
 - María, deildarstjóri segir frá reynslunni af notkun lesfimiþrófa Menntamálastofnunar í Heiðarskóla, útskýrir viðmið og segir frá stöðu nemendahópsins eftir lestrarprófin í janúar. Skólinn er yfir meðaltali landsins í 1., 2., 4., 5., 7., 8. og 9. bekk og í meðaltali í 1., 3., 6. og 10. bekk.
- Árshátíðin 2018
 - Haraldur segir frá því að á árshátíðum í Heiðarskóla er þema annað hvert ár. Í ár er ekki þema en leikrit unglíngastígs er byggt á myndinni Trolls. Fleiri koma að leikritinu með leikmyndavalgreininni. Vinnan þar gengur mjög vel og verður

Föstudagur 9. febrúar, 2018

ánægjulegt að sjá hvernig þetta mun koma út á árshátíðinni í mars. Ragnheiður spyr hvort árshátíðirnar verði áfram aldursskipt og fær það svar að svo verði.

- Önnur mál
 - Ragnheiður spyr um salerni á viðburðum eins og jólaföndri FFHS - hvers vegna ekki megi nota salernin við skápana við inngang í íþróttahús? Fær þau svör að þau megi nota og að það þurfi að skerpa á því að það sé í lagi.

- Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Að fundi loknum:

- Þar sem Víðir var fjarverandi hafði Haraldur samband við hann eftir að fundargerð hafði verið send út og leitaði eftir samþykki hans á skóladagatalinu fyrir hönd skólaráðs. Samþykki fékkst og verður skóladagatal næsta skólaárs því sent til fræðslusviðs Reykjanesbæjar.